



## Jafnréttisskimun

### Netfang

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Nafn verkefnis/tillögu

Að núverandi starfsemi Konukots verði flutt í annað tímabundið húsnæði

### Tengiliður

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Svið

VEL

### Þjónustupáttur

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

### Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Annað

### Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

### Áætlaður kostnaður verkefnis

20000000 kr.

### Lýsið tillögunni og markmiðum hennar



Konukot, neyðarskýli fyrir heimilislausar konur, hefur verið rekið í gömlu steinhúsi við Eskihlíð í að verða tuttugu ár. Húsnæðið og ástand þess hentar ekki undir starfsemina, húsið er komið til ára sinna, þröngt er um starfsemina og húsnæðið er á þremur hæðum. Leit hefur staðið yfir að húsnæði undir starfsemi Konukots. Afar brýnt er að hægt verði að færa starfsemi Konukots frá núverandi húsnæði í Eskihlíð vegna ástands þess. Erfiðlega hefur gengið að finna nýtt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina, en afar brýnt er að brugðist sé við stöðunni með tímabundnu húsnæði á meðan.

### **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?**

Já

### **Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?**

Konur sem glíma við heimilisleysi eiga oft aðra reynslu að baki en karlar í sömu stöðu og sökum reynslu þeirra af ofbeldi vilja þær síður nota kynjablönduð úrræði. Tillagan miðar að því að betur sé hægt að mæta fjölbreyttum þörfum heimilislausra kvenna og veita þeim stuðning m.a. við að hafa samband við félags- og heilbrigðisþjónustu. Margar þeirra kvenna sem sækja Konukot hafa búið við ofbeldi og erfiðleika frá æsku, en langvarandi ofbeldissaga er helsti fyrirboði heimilisleysis kvenna. Konur sem lenda í heimilisleysi eru fjórum sinnum líklegri en aðrar konur að hafa upplifað ofbeldi í nánnum samböndum og heimilisleysi er oft bein afleiðing af því. Í kröfúlýsingu sem fylgir samningi Rótarinnar við Reykjavíkurborg segir að þjónustan í Konukoti skuli byggjast á grundvelli mannréttinda og skal mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð að leiðarljósi og vera „áfalla- og kynjamiðuð og fylgja viðmiðum um öryggi, trúverðugleika og gagnsæi, jafningjastuðning, samvinnu og gagnvirkni, valdeflingu og val“. Hún á líka að vera í samræmi við hugmyndafræði skaðaminnkunar, einstaklingsmiðuð, valdeflandi og viðhafa samvinnu og notendasamráð.

### **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?**

Heimilislausar konur með miklar og flóknar þjónustufarir: Í Konukoti eru rúm fyrir 12 konur, en fá rými eru þar sem konurnar geta fengið næði. Tvö salerni eru í húsinu en aðeins ein sturta sem er á neðstu hæð og þarf að ganga í gegnum svefnrými til að komast að henni. Starfsfólk Konukots: Tvær starfskonur eru á vakt hverju sinni og erfitt er fyrir þær að tryggja öryggi kvennanna. Lítil sem engin aðstaða hefur verið til staðar fyrir starfsfólk Konukots sem gerir starfið enn meira krefjandi.

### **Eru til kyngreind gögn um þá hópa?**



Já

### **Hvað segja gögnin?**

Velferðarsvið hefur góða yfirsýn yfir þann hóp sem þarf að leita í neyðarskýli Reykjavíkurborgar en haldið er sérstaklega utan um þann hóp í ákveðnu kerfi. Þar má m.a. sjá nýtingu neyðarskýli, fjöldi gesta, földi gistinátta, sem og t.d. kyn, og uppruna þeirra sem nýta skýlin. Í janúar 2025 höfðu alls 14 konur nýtt sér neyðarskýli fyrir konur, fjöldi gistinátta er 75 og fjöldi ríkisfanga eru þrjú. Nýting neyðarskýlisins hefur verið undir nýtingu og mun minni en nýting á neyðarskýli fyrir karla. Vaktað verður hvort breyting á húsnæði mun hafa áhrif á nýtingu neyðarskýlisins þar sem markmiðið er að bæta aðbúnað kvennanna.

### **Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?**

### **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið**

Tillögunni er ætlað að hafa áhrif á aðbúnað þeirra heimilislausu kvenna sem hafa miklar og flóknar þjónustubarfir og þurfa að leita í neyðarskýli fyrir konur. Reynslan sýnir að ef hægt er að skapa aðstæður sem draga úr áreiti og veita tilfinningu fyrir öryggi sé betur hægt að ná til markhóps sem m.a. skilar sé í auknu trausti sem er grundvöllur alls stuðnings.

### **Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar**

Tillagan/Verkefnið hefur ekki áhrif á stöðu jafnréttis/viðheldur núverandi stöðu

### **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**

Nei

### **Annað?**

Núverandi húsnæði og aðstaða í Konukoti er stór hindrun fyrir því að starfið gangi eins og best verður á kostið og hægt sé að tryggja öryggi starfsfólks og gesta. Húsnæðið er á þremur hæðum með þrönga og erfiða stiga (sem er slysaþætta og getur útlokað konur með fötlun, veikindi eða annað), ekki er hægt að skipta konunum upp eftir þörfum (t.d.



einstaklingsherbergi), baðaðstaða er ófullnægjandi, samtalsherbergi vantar, aðstöðu fyrir starfsfólk vantar og konurnar eru berskjaldaðar í garði Konukots þar sem þær halda mikið til, en margar þeirra eru að flýja ofbeldi. Engin sólarhrings úrræði eru til staðar fyrir konur í neyslu sem verða fyrir heimilisofbeldi og því er Konukot oft þeirra eina leið. Sérstaklega þarf að huga að stöðu og öryggi trans kvenna í neyðarskýlum.

